

102  
18. júlí

Með því að ég fellst á, að brýna nauðsyn beri til að setja bráðabirgðalög samkvæmt 23. gr. stjórnarskrárinnar um framangreint efni, tel ég rétt, að gefa út bráðabirgðalög á þessa leið:

1. gr.

Lög nr. 38 27. júní 1941, um breytingar á lögum nr. 27 13. janúar 1938, um váttryggingarfélag fyrir vélbáta, skulu öðlast gildi nú þegar.

2. gr.

Lög þessi öðlast gildi þegar í stað.

*Gjört í Reykjavík, 18. júlí 1941.*

**Sveinn Björnsson.**

(L. S.)

*Ólafur Thors.*

103  
18. júlí

## BRÁÐABIRGÐALÖG

um breyting á lögum nr. 4 4. maí 1925, um viðauka við lög nr. 33 19. júní 1922, um fiskveiðar í landhelgi.

### RÍKISSTJÓRI ÍSLANDS

*gjörir kunnugt:* Atvinnumálaráðherra hefur tjáð mér, að hann telji, að nauðsyn beri til, að honum verði veitt sams konar heimild og veitt var með bráðabirgðalögum frá 5. júlí 1940 til þess að leyfa íslenskum ríkisborgurum að leigja norsk fiskiskip til síldveiða á þessu sumri og að norsk skipshöfn verði á skipum þessum.

Með því að ég fellst á, að brýna nauðsyn beri til að setja bráðabirgðalög samkvæmt 23. gr. stjórnarskrárinnar um framangreint efni, tel ég það rétt að gefa út bráðabirgðalög á þessa leið:

1. gr.

2. málsg. 1. gr. laganna nr. 4 4. maí 1925, um viðauka við lög nr. 33 19. júní 1922, um fiskveiðar í landhelgi, orðist þannig:

Atvinnumálaráðherra getur þó veitt íslenskum ríkisborgurum eða félögum, sem fullnægja skilyrðum 11. gr. framangreindra laga nr. 33 1922, leyfi til þess að leigja erlend skip til síldveiða í landhelgi hér við land sumarið 1941, og til að hafa erlenda skipshöfn á skipum þessum ef með þarf.

Framangreint leyfi skal bundið við hvert einstakt skip fyrir sig og skal það því aðeins veitt, að leyfisbeiðni fylgi yfirlýsing frá innlendri sildarverksmiðju um, að hún muni taka til vinnslu bræðslusildarafla skipsins.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

*Gjört í Reykjavík, 18. júlí 1941.*

**Sveinn Björnsson.**

(L. S.)

*Ólafur Thors.*